

Ed.

604. Frumvarp til laga

[347. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningsláναςjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningsláναςjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisstarfsemi með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina „RTÁ“.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnláναςjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Að ósk stjórnar Útflutningsláναςjóðs hefur frumvarp þetta verið samið í viðskiptaráðuneytinu. Þann 1. janúar 1986 tóku gildi ný lög um viðskiptabanka (lög nr. 86/1985) er gera lagabreytingu þessa nauðsynlega. Um nánari skýringar vísast til athugasemda með einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Almennt í lögjökfinni hefur verið litið svo á að þeim aðilum, er takmarka ábyrgð varðandi rekstur sinn, sé bæði rétt og skylt að geta þess í heiti því sem um starfsemina er notað. Til dæmis um slík ákvæði má nefna ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélag, 2. tölul. 37. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúru, og enn fremur 2. gr. laga nr. 24/1972, um heimild til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð. Gagnvart þriðja aðila er afar mikilvægt að slík takmörkun ábyrgðar komi fram í heiti stofnunar eða fyrirtækis. Með hliðsjón af framangreindu er hér lagt til að hin takmarkaða ábyrgð, sem af frumvarpi þessu leiðir, verði það að lögum, komi fram í heiti sjóðsins svo að ótvírætt sé. Sú framsetning, er ákvæði þetta byggir á, er enn fremur að vissu leyti í samræmi við framsetningu svipaðs ákvæðis í 2. gr. laga nr. 24/1972 og hér á undan er getið.

Um 2. gr.

Þann 1. janúar 1986 tóku gildi lög um viðskiptabanka (lög nr. 86/1985).

Í 1. mgr. 28. gr. laganna segir orðrétt:

„Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðilegum tengslum við hana.“

Í skýringum með frumvarpi til viðskiptabankalaga segir að þátttaka í félögum eða stofnunum, sem um ræðir í ofangreindri mgr., sé bundin því skilyrði að þar sé eingöngu um að ræða aðild sem takmarki ábyrgð viðskiptabankanna við framlag þeirra til félaganna. Hins vegar er ekkert í þessari mgr. sem setur það skilyrði að félagið sem slíkt sé hlutafélag.

Aðild Landsbanka Íslands að sjóðnum gerir lagabreytingu þessa nauðsynlega.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta þarfnast ekki nánari skýringa en rétt þykir að geta þess að skuldbindingar sjóðsins 31. desember 1985 voru þessar:

Við Landsbanka Íslands lán að fjárhæð SDR 2 694 000 er greiðist ársfjórðungslega á þremur árum, í fyrsta sinn 13. febrúar 1986. Þann 31. desember 1985 jafngilti þetta rúmum 124 millj. kr.

Við Framkvæmdasjóð Íslands lán samtals að fjárhæð 23,8 millj. kr. Um er að ræða verðtryggð lán til 10 ára.

Sjóðurinn hefur ekki tekist á hendur nýjar skuldbindingar eftir gildistöku viðskiptabankalaganna.

Eigið fé sjóðsins var 31. desember 1985 75,9 millj. kr. eða 33,7% af heildarfjármunum. Stofnframlög eigenda námu tæpum 35 millj. kr. af þessari fjárhæð.